

Ed.

705. Breytingartillögur

[238. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
4. gr. laganna orðist svo:
Tekjur deildarinnar eru:
 1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
 2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.
Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðs-gjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.
 3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðar-vara, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.
Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sölusamtök framleið-enda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæð-um í reglugerð.
Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þess-arar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
 4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
 5. Vaxtatekjur.
Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.
2. Við 30. gr. Greinin verði 2. gr. og orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.
3. Fyrirsögn orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlána-deild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.